

gjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973, um breyting á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld sbr. lög nr. 19/1973 innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 33 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grímsneshreppi kirkjujörðina Stóru-Borg.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 1. gr. laganna orðist þannig:

Grímsneshreppi er heimilt að selja jörðina Sigurjóni Ólafssyni ábúanda á Stóru-Borg, en óheimilt er honum að selja hana aftur öðrum en Grímsneshreppi eða ríkissjóði og þá á fasteignamatsverði, nema þeir hafni kaupum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum um loftferðir, nr. 34 21. maí 1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 78. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Enn fremur er heimilt að heimta afgjöld til greiðslu á kostnaði við gerð og rekstur annarra hjálpartækja til nota í þágu loftferða eftir reglum, sem settar eru

Endurprentað blað.

af flugmálaráðherra. Gjaldskyldan hvílir á eigendum eða notendum íslenskra loftfara og erlendra vegna ferða um svæðið, þar sem nota má þessi hjálpartæki. Gjald þetta er kræft vegna loftferða yfir íslensk yfirráðasvæði, svo og yfir úthafið og erlend yfirráðasvæði, þegar um það hefur verið samið milli Íslands og viðkomandi erlends ríkis. Gjöld þessi eru lögtakskræf.

Heimilt er flugmálaráðherra að semja við stjórnvöld annarra ríkja um, að þau taki að sér innheimtu á þessum gjöldum erlendis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.